



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð


Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um starfsmannafjölda í júlí 2021

Á fundi borgarráðs þann 9. sept. 2021 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins - R21090070:

„Var starfsmannafjöldi borgarinnar kominn í 14.218 í júlí síðastliðnum? Samkvæmt mælaborði borgarinnar er þetta talan og hefur hækkað um 13% milli ára:
<https://maelabord.reykjavik.is/extensions/MaelabordBorgarbua/mannaudur.html#starfsfolk-section>.“

Árið 2021 var meðalstarfsmannafjöldi Reykjavíkur 11.382 skv. mælaborði en árið 2020 var fjöldinn 10.898. Aukningin í mælingu á meðalfjölda starfsmanna nam 4,4% á milli ára. Ef litið er á mælingar einstakra mánaða, þá mældist fjöldi starfsmanna hæstur í júlí 2021 eða 14.219. Mælingin tekur mið af fjölda kennitalna sem fá greidd laun í mánuði hverjum. Tekið er fram að Vinnuskóli borgarinnar ásamt öðrum sumarstarfsmönnum er með í þessum tölum sem ýkir áhrifin yfir sumarmánuðina. Í eftirfarandi súluriti má sjá fjölda þeirra sem töldust starfsmenn borgarinnar í mánuði hverjum árin 2020 og 2021:



Beðist er velvirðingar á því hversu seint svar er lagt fram við ofangreindri fyrirspurn.

Virðingarfyllst,

Haldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs